Leiðari



Landssamband smábátaeigenda verður 30 ára 5. desember næstkomandi. Þegar ég læt hugann reika yfir þessa þrjá áratugi er margs að minnast. Á það jafnt við um breytingar sem orðið hafa, sem og það sem er í líku horfi ár frá ári.

Hinu fyrrnefnda tilheyra félagsmennirnir, nýir koma og aðrir fara, gæði bátanna - stærð þeirra og styrkur, stórbætt aflameðferð, sala aflans - alltaf trygg greiðsla gegnum fiskmarkaði, veðurspár og öryggi til sjós, tæknibúnaður um borð, vöktun á miðunum, slysavarnir, öflugar björgunarsveitir og landhelgisgæsla. Allt eru þetta þættir sem þróast hafa á ógnarhraða.

Öndvert við framangreint er það sem lítið breytist. Andinn í þjóðfélaginu, umræðan á Alþingi, endalaus barátta smábátaeigenda fyrir tilveru sinni. Brimfaxi og heimasíða LS er á sínum stað.

Nýjasta nýtt í réttindabaráttu LS eru makrílveiðarnar. Makríllinn var vart kominn á veiðislóð smábátanna þegar stjórnvöld lögðu til að hann yrði kvótasettur og trillukörlum skammtað aðeins 5% af kökunni. Eins og að smábátar geti nokkru sinni veitt upp slíkan stofn og skilið eftir sig auðnina eina á miðunum. Forsjárhyggja stjórnvalda ríður ekki við einteyming. Það þarf að setja makrílinn í kvóta vegna þess að í fiskiskipastóli Íslendinga eru skip sem eru það öflug að þau geta tortímt hvaða fiskistofni sem er, ef öflug stýring væri ekki til staðar. En hvers vegna eru smábátar settir undir sömu stjórn og stórskipaflotinn?

Með makrílnum gefst tækifæri til að reyna annað. LS hefur hvatt atvinnuveganefnd Alþingis að gera breytingar á makrílfrumvarpinu þannig að 80% heimildanna fari til stærri skipa, en 20% til smábáta. Þannig yrðu til tveir útgerðarflokkar sem myndu nýta sitt veiðisvæðið hvort – sennilega stjórnað með kvótum hjá stærri skipum en sóknarmarki hjá smábátunum við strendur landsins. Þannig væri hægt að tryggja fjölbreytni við veiðar og framboð afla sem veiddur hefði verið á færi af smábátum eða trollum af stórum skipum. Jafnframt yrði nýting allra miða tryggð og réttur smáútgerða jafn, hvar sem væri á landinu m.t.t. útbreiðslu makrílsins.

Strandveiðikerfið er gott dæmi. Þar hefur tekist að tryggja veiðirétt trillukarla og bæta þar við. Nú er sjöunda tímabilið hafið og kerfið búið að vinna sér hefð í fiskveiðunum. LS knýr þessa dagana á um að aflaviðmiðun í strandveiðikerfinu verði aukin um 2000 tonn. Tillagan hefur fengið stuðning bæjar- og sveitarfélaga, sem réttilega benda á mikilvægi strandveiða fyrir viðkomandi svæði.

LS starfar nú í breyttu umhverfi. Allt frá stofnun félagsins til 1. janúar 2014 voru félagsgjöld innheimt með ákvæði í lögum þar sem fiskkaupendum var skylt að halda eftir félagsgjaldi til LS. Félagið þurfti því ekki að sjá sérstaklega um innheimtu, ef undan eru skilin viðskipti með grásleppuhrogn gegnum umboðsaðila. Ánægjulegt er að segja frá því að breytingarnar hafa gengið afar vel ef frá eru taldir nokkrir aðilar sem telja sig ekki eiga samleið með LS að svo stöddu.

LS hefur frá upphafi átt því láni að fagna að njóta velvilja meðal almennings. Starf félagsins og þær áherslur sem það stendur fyrir hafa fengið góðan hljómgrunn og þannig hefur tekist að tryggja veiðirétt smábátaútgerðarinnar. Engum dylst þó að alltaf er hægt að gera betur og smábátaeigendur munu halda áfram að vinna að bættum hag smábátaútgerðarinnar.

Í sumar boðar LS til afmælisfagnaðar að Hellishólum í Fljótshlíð. Trillukarlar eru hvattir til að mæta og deila þar saman góðum stundum. Takið því frá dagana 17. - 19. júlí fyrir Sumarhátíð trillukarla 2015. Fögnum 30 ára afmæli Landssambands smábátaeigenda! Ég óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambandsins gleðilegrar sjómannahátíðar.

Örn Pálsson
framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda